

A 1815/tillvæxt**Afgreiðsla** Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin**Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um þingmannatillögu um afnám klukkubreytinga í norrænu löndunum****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda um

að að þær gæti samræmis innan Norðurlanda og gagnvart Eystrasaltsríkjunum, verði ákvörðun tekin um að fastsetja tímasvæði og afnema breytingar á sumar- og vetrartíð, þannig að, í fyrsta lagi, norrænu meginlandslöndin (að Álandseyjum meðtöldum) og helst einnig Eystrasaltsríkin, velji að vera í sama tímabelti og, í öðru lagi, að tímamismunur innan Norðurlanda aukist ekki frekar.

Bakgrunnur

Flokkahópur miðjumanna í Norðurlandaráði hefur lagt fram þingmannatillögu um að afnema klukkubreytingar í norrænu löndunum með áherslu á að löndin á meginlandinu velji sér sama tímasvæði og tímamismunur aukist ekki frekar innan Norðurlanda.

Meirihluti þingmanna á Evrópuþinginu hefur samþykkt að afnema klukkubreytingar á milli vetrar- og sumartíma frá árinu 2021. Ákvörðunin verður lögð til grundvallar í ráðherraráði ESB sem á lokaorðið um löggjöfina. Hvert ESB-ríki fær svo tvö ár til að ákvarða á hvaða tímasvæði það hyggst vera. Evrópuþingið batt vonir við að ákvarðanir landanna lægju fyrir í síðasta lagi í apríl 2020 en sú varð ekki raunin. Viðræðurnar hafa siglt í strand og hvorki Króatar né Þjóðverjar hafa sett málið á dagskrá í formenskutíð sinni í ESB.

Hvað norrænu löndunum viðvíkur er brýnt að breytingin á tímasvæðum leiði ekki til þess að tímamismunur innan Norðurlanda aukist frekar. Æskilegt væri fyrir Finnland (að Álandseyjum meðtöldum), Svíþjóð, Noreg og Danmörku að stefna að því að vera á sama tímasvæði. Hagstætt væri fyrir bæði vinnumarkað sem teygir sig yfir landamæri, siglingar (ekki síst ferjusiglingar á milli Svíþjóðar og Finnlands með viðkomu á Álandseyjum) og verslun almennt innan Norðurlanda að ekki yrði um tímamun á milli landanna að ræða sem hefði í för með sér aukinn kostnað. Ísland er á GMT 0 og þar er ekki um klukkubreytingu að ræða. Hvað samþættingu við Ísland og aðrar norrænar Atlantsþjóðir varðar ætti að miða við að tímamismunurinn ykist ekki



frekar. Þá væri sömuleiðis akkur í að Eystrasaltsríkin veldu að tilheyra sama tímabelti og norrænu meginlandslöndin.

Á óformlegum fundi samgönguráðherranna sem haldinn var í lok október 2018 var mikill samhljómur á milli ESB-landa og framkvæmdastjórnar ESB um að afnám klukkubreytinga mætti ekki leiða til óreglulegra tímasvæða í ESB því slíkt hefði neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir almenning og fyrirtæki innan ESB. Sama afstaða kemur fram í svörum norrænu ríkisstjórnanna við fyrirspurn Norðurlandaráðs þar sem óskað var eftir að þær gerðu grein fyrir umfjöllun sinni um málið. Einnig má ráða af svörunum að norrænu ríkisstjórnirnar líti málið ólíkum augum og að umfjöllun um það hafi verið með mjög ólíkum hætti í löndunum. Hvort um sig hefur sína kosti, að hafa vetrartíð eða sumartíð til frambúðar. Á endanum er um pólitíska spurningu að ræða. Með það fyrir augum að ýta á eftir málinu út frá norrænu sjónarhorni hefur hagvaxtar- og þróunarnefnd Norðurlandaráðs ritað bréf til ríkisstjórna á Norðurlöndum þar sem undirstrikað er að æskilegt sé að ríkisstjórnar norrænu meginlandslandanna (að Álandseyjum meðtöldum) velji sér eitt og sama tímasvæði þegar og ef að því kemur að ESB/EES afnemi klukkubreytingar.

Að mati Norðurlandaráðs eiga ríkisstjórnirnar að leggja áherslu á norræna samræmingu og þann þjóðhagslega ávinning sem hljótast myndi af því að tilheyra sama tímasvæði. Samstillt tímasvæði í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Finnlandi (ásamt Álandseyjum) ýti undir samþættingu landanna og færi okkur nær framtíðarsýninni um að Norðurlönd verði samþættasta svæði heims.

Álit nefndarinnar

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin hefur fjallað um málið. Eins og fram kemur að ofan hefur nefndin sent norrænu löndunum skriflega fyrirspurn, að hluta til að spyrja hvort norrænt samráð fari fram um málefnið, og eins til að spyrja um umfjöllun hvers lands um málið. Nefndin hefur einnig sent ríkisstjórnunum bréf með áeggjan um að velja eitt og sama tímabeltið (Danmörk, Finnland, Noregur, Svíþjóð og Álandseyjar) verði af því að tekin verði upp föst tímasvæði innan ESB/EES. Jafnframt væri hagkvæmt að Eystrasaltsríkin tilheyrðu sama tímasvæði og norrænu meginlandslöndin.

Nefndin hefur einnig rætt við talsmann Evrópuþingsins í málinu, Johan Danielsson frá Svíþjóð.

Norðurlöndum, 27. október 2020

Anders Eriksson (ÅF)
Freddy André Øvstegård (SV)
Jaspar Langgaard (sb)
Joakim Strand (sv)
Juhana Vartiainen (saml)
Lorena Delgado Varas (V)
Lulu Ranne (saf), Finnlandi

Maria Nilsson (L)
Nils Aage Jørgstad (H)
Orla Hav (S)
Pyry Niemi (S)
Ruth Mari Grung (A)
Sebastian Tynkkynen (saf)
Sofia Westergren (M)